

DV



SJÓVARPIÐ

- 17.50 **Sumarglugginn.** Endursýndur þáttur frá sl. sunnudegi.
- 18.45 **Táknmálfréttir.**
- 18.55 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
- 19.20 **Barði Hamar** (Sledge Hammer). Bandarískur gamanmyndaflökkur með David Rasche í hlutverki rannsóknarlögreglumanns sem er svo harður í horn að taka að aðrir harðjaxlar virðast mestu rindilmenni. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
- 19.50 **Tommi og Jenni.**
- 20.00 **Fréttir og veður.**
- 20.30 **Grænir fingur (17).** Þáttur um garðrækt í umsjón Hafsteins Hafliðasonar.
- 20.45 **Regnvot fjöll** (Mountains of Water). Bresk náttúrufrúlsmynd. Á suðvesturhorni Suðureyjrar á Nýja-Sjálandi er sérkennilegt fjallasvæði og þar er mikil úrkoma. Þess vegna eru fjöllin kölluð „Fjöll vatnsins“ en við rætur þeirra er einkar athyglisvert dýralíf. Þýðandi og þulur Óskar Ingimarsson.
- 21.35 **Víkingarnir** (The Vikings). Bandarísk biómynd frá árinu 1958. Leikstjóri Richard Fleischer. Aðalhlutverk Kirk Douglas, Tony Curtis, Ernest Borgnine og Janet Leigh. Herskár hópur víkinga fer með ströndum Englands og skilur eftir sig rústir einar. Í smárikni einu dræpa víkingar konung en leiðtogi þeirra tekur drottningu nauðuga. Í fylgingu tímans eignast hún son sem elst upp sem þræll. Honum er þó ekki þrælslundin í blóð borin og fer svo að hann reynist föður sinum og hálfbróður hættulegur andstæðingur. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
- 23.00 **Ellefúréttir.**
- 23.10 **Víkingarnir. Framh.**
- 0.30 **Dagskrárlok.**



STÖÐ 2


- 16.45 **Santa Barbara.**
- 17.30 **Endurholdgun.** Reincarnation. Fróðleg mynd um endurholdgun er vakti athygli þegar hún var sýnd í Englandi á sínum tíma.
- 19.19 **19:19.** Fréttir og fréttamáfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innsögum.
- 20.00 **Sögur úr Andabæ.** Allir þekja Andrés önd og félagi.
- 20.30 **Falcon Crest.** Bandarískur framhaldsmyndaflökkur.
- 21.25 **Reiði guðanna.** Rage of Angels. Framhaldsmynd í tveimur hlutum. Seinni hluti. Það gengur allt í hagin fyrir Jennifer og Ken Baily. Hún veit að hún ber barn Adam Warner undir belti og ákveður að eiga barnið. Hún á fullt í fangi með að verjast Morretti en þegar barnið hennar hverfur sporlaust og leit lögreglunnar ber ekki árangur leitar hún ásjár hans. Hann finnur barnið og henni finnst sem hún eigi honum skuld að gjalda.
- 22.50 **Tiska.** Videofashion.
- 23.20 **Sögur að handan.** Tales from the Darkside. Ein góð, svona rétt fyrir náttblundinn.
- 23.45 **Anastasia.** Ingrid Bergman og Yul Brynner fara með aðalhlutverkin í þessari viðfrægu mynd þar sem rakin er saga Anastasiu sem talin var vera eftirlifandi dóttir Rússlandskeisara.



Rás 1
FM 92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfreginir.** Bæn, séra Jón Bjarnan flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Í morgunarsíð** með Ingvaldi Ólafsdótturi. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfreginir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Litli barnatíminn.** Nýjar sögur af Markúsi Arelíusi eftir Helga Guðmundsson. Höfundur les (8). (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00. Áður flutt 1985.)

- 9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
- 9.30 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón: Kristján Guðmundur Arngrímsson.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfreginir.**
- 10.30 **Þræðir** – Úr heimi bókmenntanna: Umsjón: Simon Jón Jóhannsson. Lesari: Viðar Eggertsson.
- 11.00 **Fréttir.**
- 11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfreginir.** Tilkynningar. Tónlist.
- 13.05 **Í dagsins önn** – Gjafir. Umsjón: Ásdís Loftsdóttir. (Frá Akureyri)
- 13.35 **Miðdegissagan:** Pelastikk eftir Guðlaug Arason. Guðmundur Ólafsson les (12).
- 14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 14.05 **Harmonikubáttur.** Umsjón: Einarr Guðmundsson og Jóhann Sigurðsson. (Endurtekinn þáttur frá sunnudagskvöldi.)
- 14.45 **Íslenskir einsöngvarar og kór-ar.**
- 15.00 **Fréttir.**
- 15.03 **Bardagar á Íslandi** – Eitt sinn skal hver deyja. Fyrsti þáttur af fimm um ófrið á Sturlungaöld. Umsjón: Jón Gauti Jónsson. Lesarar með honum: Erna Indriáðóttir og Haukur Þorsteins-son. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
- 16.00 **Fréttir.**
- 16.03 **Dagbókin** – Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfreginir.**
- 16.20 **Barnaútvarpið** – Starfskynning. Umsjón: Sigríður Arnardóttir.
- 17.00 **Fréttir.**
- 17.03 **Sinfónía nr. 3** í Es-dúr op. 55, Eiríka eftir Ludwig van Beethoven. Fílharmóníusveitin í Vínarborg leikur; Claudio Abbado stjórnar.
- 18.00 **Fréttir.**
- 18.03 **Að utan.** Fréttabáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
- 18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfreginir.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þor-
móðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
- 20.00 **Litli barnatíminn:** Nýjar sögur af Markúsi Arelíusi eftir Helga Guðmundsson. Höfundur les (8). (Endurtekinn frá morgni. Áður flutt 1985.)
- 20.15 **Nútimatónlist.** Þorkell Sigur-
björnsson kynnir.
- 21.00 **Vestfirðir,** landið og sagan. Umsjón: Hlynur Þór Magnússon. (Frá Ísafirði)
- 21.40 **Veðmálið,** smásaga eftir Anton Tsjekov. Gísli Ólafsson þýddi. Þórdís Arnljótsdóttir les.
- 22.00 **Fréttir.**
- 22.07 **Að utan.** Fréttabáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
- 22.15 **Veðurfreginir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.30 **Að framkvæma fyrst og hugsa síðar.** Fimmti þáttur af sex í umsjá Smára Sigurðssonar. (Frá Akureyri) (Einnig útvarpað kl. 15.03 á föstudag.)
- 23.10 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árna-
son. (Einnig útvarpað í næturút-
varpi aðfaranótt mánudags kl. 2.05.)
- 24.00 **Fréttir.**
- 0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 1.00 **Veðurfreginir.**
- 1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**



- 7.00 **Páll Þorsteinsson** með morgun-
þátt fullan af fróðleik, fréttum og
ýmsum gagnlegum upplýsing-
um fyrir hlustendur, í bland við
góða morguntónlist. Kl. 8.30 er
fluttur stuttur veiðibáttur Þrastar
Elliðasonar, með viðtölum og
fréttum af veiði.
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir.** Valdis er
með hlutina á hreinu og leikur
góða blöndu af þægilegri og
skemmtilegri tónlist eins og
henni einni er lagið. Bibba í
heimsreisu kl. 10.30.
- 14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalogin, kveðjurnar, nýjustu
lögin, gömlu göðu lögin, allt á
sinum stað. Bjarni Ólafur stendur
alltaf fyrir sínu. Bibba í heims-
reisu kl. 17.30.
- 18.10 **Reykjavík síðdegis.** Hvað finnst
þér? Hvað er efst á baugi? Þú
getur tekið þátt í umræðunni og
lagt þitt til málna í síma 61
11 11. Þáttur sem dregur ekkert
undan og menn koma til dýranna
eins og þeir eru klæddir þá
stundina. Umsjónarmaður er
Arnþrúður Karlsdóttir.
- 19.00 **Snjólfur Teiðsson.** Þægileg tónlist
í klukkustund.
- 20.00 **Haraldur Gíslason.** Ný og góð
tónlist, kveður og óskalog, og
ávallt í sambandi við íþróttadeil-
ina þegar við á.
- 24.00 **Næturdagskrá.**
Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00,
10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og
18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00,
13.00, 15.00 og 17.00.



- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson** Morgun-
hress í meira lagi. Fréttir kl. 8 og
10. Stjórnuskot kl. 9 og 11.
- 9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikir, tón-
list og ýmislegt létt sprell með
hlustendum. Hádegisverðarþott-
ur Stjörnunnar og Hard rock,
Bibba og fleira. Bibba í heims-
reisu kl. 10.30.
- 14.00 **Margrét Hrafnadóttir.** Lögin við
vinnuna. Stjórnskáldið valið kl.
16.30. Hlustendur láta í sér
heyra. Bibba í heimsreisu kl.
17.30.
- 19.00 **Kristófer Helgason.** Maður unga
fólksins með ný lög úr öllum átt-
um og óskalog hlustenda.
- 20.00 **Haraldur Gíslason.** Ný og góð
tónlist, kveður og óskalog.
- 24.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**
Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00,
10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og
18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00,
13.00, 15.00 og 17.00.



- 9.00 **Rótartónar.**
- 12.00 **Þrógramm.** Tónlistarþáttur. E.

- 14.30 **A mannlegu nútunum.** Flokkur
mannsins. E.
- 15.30 **Samtök græningja.** E
- 16.00 **Fréttir frá Sovétríkjunum.** María
Þorsteinsdóttir.
- 16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýs-
ingar um félagslíf.
- 17.00 **Amar Knúttsson** leikur tónlist.
- 18.00 **Elds er þóft.** Umsjón: Vínstríós-
íalistar. Um allt milli himins og
jarðar og það sem efst er á baugi
hverju sinni.
- 19.00 **Hlustið.** Tónlistarþáttur í umsjá
Kristins Pálssonar.
- 20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Umsjón:
Júlíus Schopka.
- 21.00 **Í eldri kantinum.** Tónlistarþáttur
í umsjá Jóhönnu og Jóns Samú-
els.
- 22.00 **Magnamín.** Tónlistarþáttur með
Ágústi Magnússyni.
- 23.30 **Rótardraugar.**
- 24.00 **Rokkað eftir miðnætti** með Hans
Konráð Kristinssyni.



- 7.00 **Hörður Arnarson.**
- 9.00 **Sigurður Gröndal og Richard
Scobie.**
- 11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
- 13.00 **Hörður Arnarson.**
- 15.00 **Sigurður Gröndal og Richard
Scobie.**
- 17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
- 19.00 **Steinunn Halldórsdóttir.**
- 22.00 **Snorri Már Skúlason.**
- 1.00– 7 **Tómas Hilmar.**



- 4.30 **Viðskiptaþáttur.**
- 5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
- 7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurninga-
þáttur.
- 9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
- 9.30 **Sky by Day.** Fréttabáttur.
- 10.30 **A Problem Shared.** Fræðslu-
þáttur með ráðleggingum.
- 11.00 **Another World.** Sápuópera.
- 11.55 **General Hospital.** Framhalds-
flokkur.
- 12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuóp-
era.
- 13.45 **Loving.**
- 14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
- 14.45 **Sylvanians.** Teiknimyndasæria.
- 15.00 **Poppþáttur.**
- 16.00 **The Young Doctors.**
- 16.30 **Three's Company.** Gamanþátt-
ur.
- 17.00 **Sky Star Search.** Hæfileika-
keppni.
- 18.00 **Sale of the Century.** Spurninga-
leikur.
- 18.30 **Hey Dad.** Gamanmyndaflökkur.
- 19.00 **Mr. Belvedere.** Gamanmynda-
flokkur.
- 19.30 **Trapper John.** Gamanmynda-
flokkur.
- 20.30 **Rush.** Framhaldsmyndaflökkur.
- 21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
- 22.30 **Golden Soak.** Ávintýraþáttur.



- 13.00 **C.H.O.M.P.S.**
- 14.30 **Aesop's Fables.**
- 15.00 **Norma Rae.**
- 17.00 **Bikini Beach.**
- 19.00 **Duet for One.**
- 21.00 **The Ballad of Cable Hogue.**
- 23.00 **The Boys Next Door.**
- 00.30 **The Hitchhiker.**
- 01.00 **Dagmar and Co.**
- 03.00 **Norma Rae.**



- 9.30 **Sund.**
- 10.30 **Eurosport** – What a Week! Litíð
á viðvörðli liðinnar viku.
- 11.30 **Heimleikar.**
- 12.30 **Hestaíþróttir.**
- 13.30 **Kappakstur.**
- 14.30 **Golf.**
- 15.30 **Eurosport Menu.**
- 16.00 **Trans World Sport.** Íþróttarfréttir.
- 17.00 **Sundíþróttir.**
- 18.00 **Frjálssar íþróttir.**
- 21.00 **Hjólreiðar.**
- 22.00 **Sundíþróttir.**



- 13.30 **Poppþáttur.**
- 14.30 **Hotline.**
- 16.30 **Transmission.** Popp í Englandi.
- 17.30 **Lenny Henry.** Gamanmál.
- 18.00 **Tarzan's Revenge.** Kvikmynd.
- 19.30 **Euromagazine.** Fréttabáttur.
- 19.50 **Fréttir og veður.**
- 20.00 **Burke's Law.** Spennumynd-
flokkur.
- 20.55 **Barnaby Jones.**
- 21.50 **Fréttir, veður og popptónlist.**

Miðvikudagur 16. ágúst



Í útvarpi unga fólksins verður fjallað um hvers kyns mógæsingar.

Rás 2 kl. 20.30:

Krossferðir og mógæsing, fasismi, rokk og ról

– útvarp unga fólksins

Í kvöld verður fjallað um hvers kyns mógæsingar, allt frá tímum barnakrossferðanna til fasisma og tryllings í kringum poppið á okkar tímum. Eiga þessi

fyrirbæri eitthvað sameiginlegt eða lýtur hvert þeirra fyrir sig eigin lögmálum? Umsjónarmenn eru Vernharður Linnet og Atli Rafn Sigurbjörnsson.

Rás 1 kl. 15.03:

Bardagar á Íslandi – Eitt sinn skal hver deyja

Í dag verður endurfluttur frá mánudegi fyrsti þáttur af fimm um fjóra örlagaríka atburði á Sturlungaöld. Í fyrsta þættinum, sem líta má á sem inngang, er fjallað almennt um Sturlungaöldina. Hinir fjórir þættirnir fjalla um Örylgisstaðafund, Flóabardaga, Hauksnesbardaga og Flugumýrabrennu.

Þættirnir eru byggðir upp

á svipaðan hátt þannig að í fyrri hluta hvers þáttar er aðdragandi atburðanna rífaður upp og lesið úr Sturlungasafninu, í seinni hlutanum mæta síðan gestir til viðræðna.

Umsjón hefur Jón Gauti Jónsson. Lesarar með honum eru Erna Indriáðóttir og Haukur Þorsteins-son.

-J.Mar

Stöð 2 kl. 23.45:

Anastasia

– fjögurra stjörnu mynd

Anastasia var dóttir síðasta rússneska keisarans sem tekinn var af lífi í rússnesku byltingunni árið 1918. Raunar var það ekki bara keisarinn sem tekinn var af lífi heldur öll hans fjölskylda en Anastasiu tókst að sleppa á ævintýrlegan hátt.

Í myndinni er rekinn æviferill Anastasiu og hvernig henni reiddi af eftir flóttann.

Það eru engir aukvisar sem fara með aðalhlutverkin í þessari mynd, Ingrid Bergman fer með hlutverk Anastasiu en auk hennar eru það Yul Brynner, Helen Hayes og Akim Tamiroff sem fara með helstu hlut-



Ingrid Bergman og Yul Brynner fara með aðalhlutverkin í mynd kvöldsins.

verk. Kvikmyndahandbók Maltin's gefur myndinni fjórar stjörnur, sem sagt frábær mynd.